



Febrúar 2018

isländ.

Elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður! (Jóh 15,12)

**Guð er við!
God is us!**

„Freunde des Wortes“

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen
Tel.: 0049-172-5638432
Mail: mail@onword.de
homepage www.onword.de

Kæru vinir Orðsins,

Það er mikið ævintýri að fylgja Guði. En hugmyndaflug hans, að láta uppgötva sjálfan sig, er takmarkalaust! Ég minnst ungu múslímakonunnar sem sá kvikmyndina okkar „be brother – be sister“ á netinu. Hún vildi kynnast okkur betur. Rætur hennar lágu í Albaníu en hún hafði alist upp í Dubai. Hún var með sýrlenskt vegabréf og stundaði nú nám í Berlín. Hún hringdi í mig. Við hittumst á brautarstöð og fengum okkur kaffi. Hún horfði á mig forvitin á svip með höfuðið vafið í slæðu. Allt frá fyrstu stundu skynjaði ég trúnað okkar á milli. Hún tók líka óvænt þátt í brúðkaupi í Berlín, en ég var einmitt kominn þangað vegna þess. Um kvöldið fór ég aftur með hana á brautarstöðina. Loks spurði hún mig feimnislega einnar spurningar. „Ég held ekki að þið kristnir menn trúðið á þrjá Guði, en ég skil ykkur samt ekki! Getur þú hjálpað mér að skilja þetta?“

Hún horfði á mig með spurnarsvip og ég svaraði: „Þú geymir spurningu í hjarta þínu. Nú hefur myndast sterkt trúnaðarsamband milli okkar sem veitir þér styrk til að spyrja mig þessarar spurningar. Þessi spurning krefst svara. Skynjar þú þetta samband milli okkar?“ Hún kinkaði kolli. „Við kristnir menn trúum að við séum skapaðir í Guðs mynd. Og Guð er í sjálfum sér samband. Faðirinn lifir í fullkominni sjálfsgjöf, sem er hinn Heilagi Andí, fyrir Soninn. Og Sonurinn lifir á nákvæmlega sama hátt fyrir Föðurinn. Í Guði – því trúum við – er örugglega ýmislegt að gerast. Hreint líf og samband – sem myndaði allan heiminn. Guð er VIÐ. Og þegar við sameiginlega, eins og einmitt nú, lifum þetta VIÐ, erum við hamingjusöm.“ Augu ungu konunnar fylltust tárum. Hún virtist djúpt snortin. Áður en hún steig upp í lestina sagði hún við mig: „Þessari uppljómun gleymi ég aldrei!“

Kæru Vinir Orðsins, Guð – það skýrði Jesús út fyrir okkur – er samband í sjálfum sér. Hann er VIÐ. Við skulum gera eins og hann og lifa meir í samfélagi en ein út af fyrir okkur. Og við getum verið viss um það að með þessum hætti skynjum við gleðina sem mér auðnaðist að finna í návist Aman, ungu sýrlensku konunnar. **Guð er við! – God is us!**

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker